



Hafnarfjörður

2. fundur starfshóps um tómstundamiðstöðvar 24. apríl 2023 haldin í Lóninu Linnetsstíg 3

Mættir: Kristín María Thoroddsen, Róbert Gíslason, Sara Pálmadóttir, Óskar Steinn Ómarsson og Margrét Halldórsdóttir

Forföll: Bjarney Jóhannesdóttir

Starfsmenn voru Geir Bjarnason sem ritar fundargerð og Stella Kristinsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og fundargerð þessa fundar send í kjölfar fundarins til samþykktar.

2. Starfsmannamál

Auðvelt að ráða í félagsmiðstöðvar og lítið vandamál þar. Frístundaheimili eru erfiðari. Byrjað er að auglýsa í byrjun sumars og ráðið um sumarið. Auglýsingar þurfa að fara fyrir í loftið. Auglýsa jafnvel fyrir fyrir innritun nýrra barna og annarra barna fyrir haustönn. Hins vegar þarf staðfest skólavist að liggja fyrir fyrir svo að þetta gangi upp. Það eru fá börn sem fá ekki skólavist í þeim skólum sem þau sækja um. Þetta er bara 1. bekkur og fá börn. Hér þarf að finna leið til að gera þetta fyrir og með því leysa einhver mál og þetta er trúlega ein af tillögum hópsins. Skoða líka 15. júní en það er síðasti dagur til að skrá börnin í frístund og færa hann fyrir og þá gefst stjórnendum aukin tími til að huga að ráðningum.

Hvernig á að halda í fólkið? Í Hraunvallaskóla er reynt að búa til 100% störf fyrir þá sem það vilja og þau endast lengur. Starfið þarf enn meiri viðurkenningu þar sem fjallað betur um gildi þess náms sem fer fram í frístundaheimilunum. Að auðvelda aðgengi háskólamenntaðra og að þeir séu í háskólastéttarfélagi. Allskonar menntun nýtist í starfinu. Mikið af krökkum sem vinna þarna en stoppa stutt og eru þarna sem biðleikur í starfs- og námsferli. Setbergið ekki fengið háskólanema í vinnu og óljóst af hverju það er ekki. Undirbúningur fyrir daglegt starf starfsmanna er takmarkaður og í jaðartilfellum fá starfsmenn undirbúningstíma. Þeir sem kunna að vinna sjálfstætt og hafa menntun nýta undirbúningstímana sína í raunverulegan undirbúning en sumir aðrir nýta hann. Skoða þarf möguleika á að það verði svigrúm til undirbúnings og festa það í sessi. Þeir sem undirbúa sig koma tilbúnir í vinnuna og verkefnið en sumir sem vilja ekki vinna að skapandi starfi s.s. klúbba hafa ekki áhuga á að taka þátt í slíku. Starfsmannafundir eru misjafnir eftir starfsstöðum. Skipulagsdagar eru að komast í fast form og hægt að nýta þá til undirbúnings s.s. skólaþingardagur. Ekki er búið að ráða inn starfsmenn þegar skipulagsdagur er og því missa þeir af fræðslu og undirbúningi. Í apríl er ráðið fólk sem ætlar sér að vinna í þessu en að hausti erum við að ráða inn lausagengið. Skoða þarf möguleika á að vera með aukatíma fyrir símenntun s.s. loka kl. 15.30 x skipti yfir önnina til að vera með stutt námskeið, símenntun, fundi og annað til að efla starfsfólkið. Er það verkefni starfshópsins að



Hafnarfjörður

koma fram með hvað væri vænlegt að fjalla um á svona dögum? Mörg mikilvæg mál nefnd sem dæmi um slíkt. En í dag er nýliðafræðsla í ágúst og starfsmenn frístundar þurfa að vinna þegar allskonar námskeið eru.

Hvað í fræðslu fyrir starfsmenn er á hendi skólans eða af miðlægu verki Stelli? Hér þarf að skoða og greina. Umræða um að tryggja að allir sem þurfa fái að fara á mikilvæg námskeið. Skilgreina þarf það sem er skylda og allir verða að fara á. Hitt er líka það hvernig við fræðum nýráðna til að gera þá að öflugum starfsmönnum og þeir fræddir betur um gildi starfsins. Skapa þarf svigrúm fyrir enn betri móttöku og fræðslu fyrir nýja starfsmenn. Rætt um gildi fræðslunnar og samvinnu um ný verkefni og dreifingu upplýsinga um hvað er í gangi á hverjum stað til að aðrir geta lært og tileinkað sér. Umræður eru um sameiginlegu fræðsluna og leiðir til að þróa hana. Skoða þarf stöðu menntaðra starfsmanna og hvort þeir geti verið í háskólamannastéttarfélagi en ekki í STH.

Starfsmannavelta stjórnenda er spurning sem vilji er til að skoða og ræða.

Fyrirkomulagið sem er að sá sami stjórnandi er yfir frístund- og félagsmiðstöðvar.

Lítill sveitarfélög eru með þetta svona eins og Hornafjörður, Hveragerði og Ísafjörður. Skiptar skoðanir meðal stjórnenda um hvernig þetta gæti verið í framtíðinni: Aðskilja eða fjölga millistjórnendum eins og er gert hér. Vísa í Kópavog þar sem þetta er aðskilið. Hér skipta deildarstjóri og aðstoðardeildarstjóri með sér verkum í skólunum, annar meira í frístund en hin meira í félagsmiðstöðinni.

Hver er rétta samsetning starfsmanna? Fyrst og fremst er krafa um að deildarstjóri sé með uppeldismenntun. Við eigum að vera með svipaðar kröfur og í leikskólinn.

Starfsmenn tómskundamiðstöðva nýtist iðulega í skólanum líka sbr.

tómsundafræðingana sem voru bæði í frístund og skóla í RVK. 50% starf fyrir háskólamenntaðan starfsmann er ekki það sem starfsmenn vilja, þeir vilja vera í fullu starfi. Skoða menntun betur í vinnu okkar.

Er hægt að bera saman Mentor og Völu þegar skráning er í gangi til að skima eftir þeim sem ekki skrá sig og pikka í þá varðandi skráningu þannig að hún komi fyrir í hús og foreldrar fái réttar upplýsingar varðandi það að sækja um á réttum tíma.

3. Ábyrgðarhlutverk stjórnenda þarf að skoða í kjölfar rýnihópsvinnu.
4. Rýnihópsspurningar fyrir frístundaheimilin lagðar fram og samþykktar. Hópar verða og ritari og stjórnandi í hverjum hópi. Hvert borð verður með 2 meginspurningar og borðin verða þá 3-4 fjögur. Smá húsnaðisves.
5. Heimild komin frá mannauðsdeild til að nýta starfsmannakönnunina til að fá upplýsingar frá starfsmönnum frístundaheimila og félagsmiðstöðva.
6. Fundi slitið